

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps vegna stækkunar verslunar- og þjónustusvæðis VP27 og aukins byggingarmagns, Brekkur og Ás.

Skipulagsstofnun staðfesti 23. janúar 2025 óverulega breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2021-2033 sem samþykkt var í sveitarstjórn 14. nóvember 2024.

Í breytingunni felst að reitur VP27 í landi Brekkna og Áss er stækkaður um 0,6 hektara eða úr 2,8 í 3,4 hektara. Auk þess er byggingarmagn aukið um 1.600 m² úr 6.400 m² í 8.000 m².

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 23. janúar 2025.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 6. febrúar 2025